

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 28. júlí 2025
Tilv.2025-06-23-0955/2.4.1

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 23. júlí síðastliðinn leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi. Málið er í kynningarferli og er nr. 857/2025. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að:

„Fjallað verður frekar um áhrif skógræktar á vatnafar og vatnalífriki í umhverfismatsskýrslu, en vegna þess að fyrir liggur að áhrifin verði jákvæð, og vegna fjölda fyrirliggjandi innlendra og erlendra rannsókna, er ekki gert ráð fyrir sérstökum rannsóknum á vatnafari og vatnalífi í tengslum við umhverfismatið.“

Fiskistofa tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunar í málinu og bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera K. Aradóttir

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Málsnr. 2025-06-0303
Hafnarfjörður 24.7.2025**Efni: Umsögn um matsáætlun vegna Skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi.**

Í tölvubréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 23.06.2025 er þess óskað að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um matsáætlun vegna Skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi.

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér erindið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í matsáætlun er mikil áhersla lögð á jákvæð áhrif framkvæmdar á vatnalífriki. Sú afstaða er, að mati Hafrannsóknastofnunar, ekki óumdeild og mikilvægt að gæta varúðar. Lífríki Þingvallavatns og vatnasviðs þess er viðkvæmt og einstakt á heimsvísu. Þar er að finna einu einlendu dýrategundirnar sem þekktar eru á Íslandi (grunnvatnsmarflær), sérstök og einstök afbrigði bleikju og hornsíla, auk urriða sem er þekktur er fyrir stærð sína.

Íslensk vötn hafa almennt hærra sýrustig en vötn á sambærilegum breiddargráðum og munar þar líklega mestu um basískan berggrunn. Ýmiskonar efni eru í hárri upplausn í íslensku vatni (t.a.m. ál), það hárri, að í vatni með lægra sýrustig veldur sambærilegur styrkur dauða hjá fiskum. Lífríki stöðuvatns eins og Þingvallavatns og straumvatns eins og Sogs geta því verið mjög viðkvæm fyrir öllum breytingum á efnabúskap. Það er mikilvægt að mati Hafrannsóknastofnunar að öll möguleg áhrif framkvæmdar á efnabúskap Þingvallavatns (og Sogs) séu skoðuð vel og að framkvæmdaraðili setji upp áætlun um vöktun á meðan skógurinn stendur og mögulegar aðgerðir til að bregðast við ef vart verður við einhverjar breytingar.

Að mati Hafrannsóknastofnunar er mikilvægt að gæta þess vel að gróðursetja ekki nálægt vatnsbökkum. Það veldur skuggavarpi á vötn og læki sem þá ná ekki því hitastigi sem æskilegt er fyrir vatnalífverur. Jafnframt dregur það úr möguleikum á veiðinýtingu ef erfitt er að ganga með bökkum. Í matsáætlun er nefnt að ekki verði gróðursett nær en 10-30 m frá bökkum, en að mati Hafrannsóknastofnunar ætti hæsta talan og jafnvel meira að vera viðmiðið. Rétt er að benda á lög um lax og silungsveiði (nr. 61 frá 2006) segja að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Sveinn Kári Valdimarsson

Skipulagsstofnun
Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Garðabær, 3. júlí 2025
202506-0120/F.G.J.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skipulagsstofnunar er barst 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi.

Í greinargerð kemur fram að jörðin sé 1.700 ha að stærð og gert sé ráð fyrir því að 1.300 ha hennar verði nýttir til skógræktar. Framkvæmdaraðili og landeigandi er Heartwood Afforested Land ehf. og er markmið skógræktarinnar að rækta sípekjuskóg sem skapar timburnytjar og græðir upp raskað land.

Náttúruverndarstofnun telur matsáætlunina almennt góða en hefur nokkrar athugasemdir og ábendingar sem komið er til skila hér að neðan.

Fuglalíf og vistgerðir

Náttúruverndarstofnun styður það að óháðir sérfræðingar séu fengnir til þess að meta gróðurfar, vistgerðir og fuglalíf með vettvangsathugunum. Aðferðafræðin hljómar einnig að mestu fullnægjandi, en stofnunin bendir á að gott væri að rannsaka þessa þætti einnig á suður- og miðjuhluta framkvæmdasvæðisins fremur en einungis við Villingavatn, á túnum og við strönd Þingvallavatns, þ.e. á norðurhluta svæðisins. Líkt og fram kemur í greinargerð er hraungambravist algengust á svæðinu, sérstaklega á miðju- og suðurhluta þess, en tegundir eins og heiðlóa og spói nýta sér þá vistgerð til varps¹. Báðar tegundir eru ábyrgðartegundir Íslands vegna þess hve stór hluti heimsstofna þeirra verpir hér á landi og eiga þær undir högg að sækja vegna mannlegra umsvifa. Nýbirtur válisti fugla frá Náttúrufræðistofnun² sýnir að þær hafa færst um tvo flokka frá síðustu flokkun árið 2018 — nú teljast þær í nokkurri hættu en 2018 ekki í hættu. Spói og heiðlóa verpa almennt ekki í skóglendi og rannsóknir hafa sýnt mikil jaðaráhrif skóga á þær, þ.e. þær kjósa að verpa frekar fjarri skógum en nálægt þeim³. Í kjölfarið af því má færa rök fyrir því að gott væri að rannsaka fuglalíf á svæði aðliggjandi framkvæmdasvæðinu, svo möguleg jaðaráhrif komi fram í matinu.

¹ Náttúrufræðistofnun - Hraungambravist

² Náttúrufræðistofnun - Válisti fugla 2025

³ Aldís E.P. o.fl., 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59, bls. 2456–2467.

Einnig má nefna að ef athuganir koma til með að sýna lítinn þéttleika fugla innan vistgerða sem almennt henta fuglum vel þarf þó að taka tillit til þess að risk á þeim vistgerðum er búsvæðaeýðing, þar sem fuglar gætu þurft að nota þessi búsvæði í framtíðinni, svo sem vegna risks á öðrum búsvæðum þeirra eða stækkunar stofna.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að ekki sé ráðgert að gróðursetja í votlendi sem finnst innan jarðarinnar. Fjalla þarf þó um áhrif framkvæmdarinnar á votlendið, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sér í lagi þar sem áformað er að plægja nálægt því.

Trjátegundir

Í greinargerð segir að framkvæmdaraðili muni eingöngu nota þær tegundir sem leyfilegt er að nota í skógrækt á Íslandi skv. gildandi lögum og reglum en annar valkostur sé að planta ekki stafafuru verði hún formlega flokkuð sem ágeng tegund og takmarkanir settar á notkun hennar á Íslandi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að matið ætti m.a. að taka mið af nýrri íslenskri rannsókn á áhrifum stafafuru á íslensk vistkerfi⁴, þó hún sé eins og er ekki formlega flokkuð sem ágeng tegund. Það þarf ekki að vera vegna þess að hún sé ekki ágeng, heldur mögulega að ekki hafi nýlega verið farið í ákvörðunarferli varðandi flokkunina.

Gróðursetning og skógarhögg

Í greinargerði segir að véltæk jarðvinnsla, plæging, sé einungis áætluð á um 6% af skógræktarsvæðinu og það sé gert bæði til að minnka umhverfisáhrif og kolefnislosun úr jarðvegi, en einnig til að draga úr kostnaði. Á hinum 94% af svæðinu verði handplantað með skóflum. Þar sem búið er að lágmarka plægingu eins og mögulegt er og ekki hægt að draga frekar úr, er ekki gert ráð fyrir frekari umfjöllun um mismunandi aðferðir við gróðursetningu.

Náttúruverndarstofnun tekur undir það að áhrifin framkvæmdarinnar í heild á loftslag séu talsvert líkleg til þess að vera jákvæð en stofnunin veltir fyrir sér hvort það væri engu að síður ekki skynsamlegt að meta þau svo hægt sé að taka þær mælingar með í reikninginn á síðari stigum málsins við ákvörðun framkvæmdarleyfis. Þetta á sér í lagi við um þau 6% framkvæmdasvæðisins þar sem áformað er að plægja. Jákvætt er að mati stofnunarinnar að handplöntun sé fyrirhuguð á meirihluta svæðisins en einnig er vert að velta því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að nýta þessi 6% til skógræktar þar sem þau fela í sér risk. Þau svæði þar sem plæging er áformuð eru nánast öll norðan Grafningsvegar efri á áfangasvæði 4, þar sem einnig er að finna votlendi og vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi.

Í greinargerð segir að ef tré sá sér innan helgunarsvæða raflína eða vega í framtíðinni verði þau grisjuð. Gott væri að setja einnig fram áætlun um vöktun og grisjun á trjám sem sá sér almennt utan lands Villingavatns, sér í lagi ef trjátegundirnar gætu mögulega í framtíðinni flokkast sem ágengar, líkt og stafafura.

⁴ Pawel W., Guðrún Ó. og Þóra E.P. (2025). Lodgepole pine (*Pinus contorta* Douglas ex Loudon) invasion in subarctic Iceland: evidence from a long-term study. *NeoBiota*, 97, bls. 47–66.

Valkostir

Í greinargerð kemur fram að núllkostur sé ekki raunhæfur valkostur af hálfu landeiganda þar sem fjárfest hafi verið í jörðinni sérstaklega með nytjaskógrækt í huga og því verði ekki fjallað um núllkost frekar. Skoðun Náttúruverndarstofnunar er þó sú að nauðsynlegt sé að meta núllkostinn og áhrif hans á umhverfið þar sem hann veitir samanburð við umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Ekki eru skoðaðir valkostir sem snúa að því að nýta einungis hluta jarðarinnar til skógræktar, svo sem þann hluta þar sem land telst rofið. Náttúruverndarstofnun vék að því í umsögn um matsskyldufyrirspurn að skoða þyrfti möguleikann á því að gróðursetja einungis sunnan Grafningsvegar efri (þ.e. gróðursetja ekki í áfangsvæði 4 (mynd 4.1 í greinargerð)), þar sem norðan hans er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og meira af vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Sömuleiðis er plæging áformuð norðan vegarins en ekki sunnan.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
verkefnisstjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

21. júlí 2025
11.5

Efni: Umsögn Landsnets um matsáætlun vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi

Landsneti barst, þann 23. júní 2025, beiðni um að veita umsögn um matsáætlun vegna skógræktar í landi Villingavatns í Grímsnes- og Grafningshreppi, mál nr. 857/2025 í Skipulagsgáttinni. Umsagnafrestur er til 21. júlí 2025.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í matsáætlun framkvæmdaraðila er gerð nægjanleg grein fyrir því hvernig skógrækt verður háttað nærri línunum Landsnets, þ.e. Búrfellslínu 3 og Sogslínu 3 og helgunarsvæðum þeirra. Það á einnig við um viðhald og grisjun innan helgunarsvæða raflína í framtíðinni.

Í kafla 4.4 er fjallað um framkvæmdarþætti. Þar kemur fram að auð svæði verði skilin eftir m.a. meðfram línuvegum (8 m) og helgunarsvæðum raflína. Í kafla 4.4.2 kemur fram að línuvegir verði nýttir sem aðkomuvegir.

Landsnet bendir á að umræddir línuvegir eru hluti af mannvirkjum fyrirtækisins. Í línuvegunum eru á mörgum stöðum jarðskautsborðar fyrir línurnar en þeir mega ekki rofna. Vegirnir tryggja jafnframt greiðan aðgang að mannvirkjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Landsnet leggur áherslu á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni ofangreindra háspennulína verði í fullu samráði við Landsnet. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Það á sérstaklega við ef um háfermisflutning er að ræða. Tryggja þarf að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns, sem og persónuöryggi á framkvæmdatíma, þ.e. þeirra sem starfa á svæðinu. Landsnet gerir kröfu um að fá áhættugreiningu mögulegs verks til umsagnar áður en það er unnið.

Í kafla 4.5 eru tilgreind þau leyfi sem framkvæmdin er háð. Landsnet minnir á að framkvæmdir nærri flutningsvirki í rekstri á vegum fyrirtækisins eru háðar leyfi Landsnets.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir



Skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlíngsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21.7.2025

Málsnúmer: 202506-0035

IAS/BK

Efni: Skógrækt í landi Villingavatns. Matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 23. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun fyrir skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi. Framkvæmdaraðili er Heartwood Afforested Land ehf. sem að rækta sípekjuskóg á um 1.300 ha af 1.700 ha landi í þeim tilgangi að skapa timburnytjar og græða. Sípekjuskógrækt felst m.a. í að skógarþekju er viðhaldið og aldrei er rjóðurfellt eða skógurinn gjörfelldur á stærri svæðum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

3 VALKOSTIR

Í 3. kafla matsáætlunar kemur fram að gróðursetning sé áformuð á hluta svæðis sem er á náttúruminjaskrá, meðal annars innan Grændals og Hengilssvæðis. Einnig segir í áætluninni að ekki verði gróðursett í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar (bls. 17):

Verndarsvæði

- Aðalvalkostur framkvæmdaraðila gerir ráð fyrir að gróðursettur verður blandaður skógur í meirihluta jarðarinnar, m.a. að hluta til innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Um er að ræða 0,7 km² svæði syðst á jörðinni sem er bæði á B-hluta náttúruminjaskrár (Grænidalur) og á C-hluta (Hengilssvæðið).

- Ef niðurstöður umhverfismatsins leiða í ljós að fyrirhuguð gróðursetning geti haft neikvæð áhrif á verndarsvæðin og forsendur verndar kemur til greina að sleppa því að gróðursetja innan svæðisins, eða planta eingöngu íslensku birki.

- Ekki verður gróðursett í votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki eigi að gróðursetja erlendar trjátegundir innan svæða á náttúruminjaskrá og að aldrei eigi að gróðursetja tré í votlendi eða framræst votlendi.

Fram kemur að framkvæmdaraðili hyggst ekki skoða núllkost, þ.e. að ekki verði farið í skógrækt á jörðinni. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að núllkostur sé metinn sem raunverulegur valkostur í umhverfismatinu svo unnt sé að meta áhrif á kolefnisbindingu og vernd líffræðilegrar fjölbreytni með skýrum viðmiðum.

4.4.5 Skógarhögg

Í kaflanum segir:

„Ef tré sá sér innan helgunarsvæða raflína eða vega í framtíðinni verða þau gríðu.“

Náttúrufræðistofnun bendir á að ef notaðar verða erlendar tegundir er mikilvægt að gerð sé skýr krafa um að fyrir liggi skýr áætlun um reglubundna vöktun og markvissa upprætingu ungplantna sem kunna að dreifa sér út fyrir skilgreint skógræktarsvæði. Í ljósi mikillar dreifingarhæfni stafafurufreja getur



reynst afar erfitt að hafa nægilega skilvirkt eftirlit með útbreiðslu hennar á svæðinu. Því telur stofnunin að alfarið skuli forðast notkun hennar, enda hafa rannsóknir sýnt að stafafura uppfyllir öll viðmið til að teljast framandi ágeng tegund hérlandis þó að hún hafi ekki enn verið formlega flokkuð sem slík. Þar sem fyrirhugað skógræktarsvæði er að hluta til innan og í grennd við náttúruverndarsvæði er sérstaklega brýnt að gæta fyllstu varúðar við tegundaval og framkvæmd skógræktar.

5.1 Umhverfispættir

Í matsáætlun kemur fram að jarðfræði sé ekki á meðal umhverfispáttanna sem verða skoðaðir í umhverfismati (bls. 29):

Jafnframt er ekki gert ráð fyrir umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir. Innan svæðisins er ekki að finna nútímahraun eða aðrar jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og ekki er gert ráð fyrir að tré og gróður á yfirborði hafi áhrif á jarðmyndanir. Slóðar verða markaðir í lausan jarðveg á yfirborði og koma því ekki til með að raska jarðmyndunum.

Náttúrufræðistofnun bendir á að laus jarðlög svo sem vatnaset og jökulurðir eru jarðminjar sem geta haft verndargildi þó þær njóti ekki formlegrar verndar. Þá er móberg sjaldgæft utan Íslands. Því telur stofnunin að gera eigi grein fyrir jarðfræðilegum einkennum svæðisins og meta hugsanleg áhrif skógræktar á jarðminjar. Jafnframt ætti að skoða hvort rétt sé að taka frá svæði sem hafa hátt verndargildi að þessu leyti.

Á bls. 28 matsáætlunar segir jafnframt:

„Ekki er gert ráð fyrir því að fjalla um áhrif á loftslag.“

„Á jörðinni er að stærstum hluta ekki verið að planta í gróðurrikan og lífríkan jarðveg eða graslendi heldur svæði sem er mikið til rofið, virkt jarðvegsrof í gangi og kolefni því nú þegar að losna úr jarðveginum.“

Að mati Náttúrufræðistofnunar ber að leggja mat á kolefnislosun á þeim svæðum þar sem þörf er á véltækri jarðvinnslu (TTS-flekkun) svo unnt sé að meta hvort skógrækt þar skili raunverulegum loftslagsávinningi.

Á bls. 28 segir enn fremur:

Það er óumdeilt að þegar horft er á heildina binda skógarvistkerfi meira kolefni en önnur þurrlandisvistkerfi, sérstaklega þegar landgræðsla fer fram samhliða skógrækt á svæðum þar sem jarðvegur er í virku rofi. Sameinuðu þjóðirnar, vísindasamfélagið og aðrir sem berjast gegn hnattrænni hlýnun eru sammála um það.

Náttúrufræðistofnun bendir á að þessi fullyrðing endurspeglar ekki einróma afstöðu vísindasamfélagsins. Líkt og fram kemur í umsögn stofnunarinnar vegna matskyldufyrirspurnar framkvæmdarinnar, hafa margir vísindamenn bent á að á norðlægum slóðum geti skógrækt til kolefnisbindingar haft takmarkaðan eða jafnvel neikvæðan ávinning fyrir loftslag. Meðal annars hefur ítrekað verið bent á að svokallað „albedo“ eða endurvarp sólgeislunar (þ.e. hlutfall þeirra geislunar sem yfirborð jarðar varpar aftur út í andrúmsloftið) geti stórlega dregið úr loftslagsávinningi skógræktar á norðlægum slóðum. Ástæðan er sú að skógarþekja endurvarpar minna ljósi en opið land (1–3) og við ákveðnar aðstæður getur skógrækt þannig leitt til aukinnar varmageislunar og hlýnunar í stað kælingar (1, 4). Í greinargerðinni er ekki brugðist við þessum ábendingum en Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að lagt sé mat á þennan þátt í umhverfismatsskýrslu og að matið byggji á mælingum og traustum forsendum.

Þá er nauðsynlegt að tryggja samræmi milli markmiða um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmiða í loftslagsmálum. Á það hefur verið bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) (5) þar sem m.a. er varað við að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem skógrækt, geti haft skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Það á sérstaklega við ef notaðar eru



framandi tegundir sem geta reynst ágengar, líkt og getur átt við um stafafuru (6) og mögulega einnig sitkagreni (7).

Það er því ljóst að hvorki Sameinuðu þjóðirnar né vísindasamfélagið eru sammála um að skógrækt sé alltaf æskileg mótvægisáðgerð gegn loftslagshlýnun, einkum þegar slíkar áðgerðir ganga þvert á skuldbindingar samkvæmt alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis.

5.4 Fuglalíf

Sérstaða íslenskrar fuglafánu felst í tiltölulega fáum tegundum en í sumum tilfellum mjög stórum stofnum. Það á t.d. við um vaðfugla en Ísland hýsir stóran hluta heimsstofns nokkurra vaðfuglategunda, sem gerir þær að svokölluðum ábyrgðartegundum okkar. Þéttleiki þessara tegunda hérlandis er líklega einstakur á heimsvísu. Þessa sérstöðu ber að varðveita og ekki er hægt að leggja að jöfnu náttúrulegan líffræðilegan fjölbreytileika og tilbúin vistkerfi með erlendum trjátegundum sem laða til sín nýjar tegundir fugla sem eru algengar í nágrannalöndunum. Verði þessi nýju búsvæði til á kostnað búsvæða tegunda sem fyrir eru getur það með engu móti talist jákvæð þróun fyrir líffræðilegan fjölbreytileika á Íslandi.

Talningar benda til þess að fækkun eigi sér stað hjá nokkrum tegundum vaðfugla sem nú eru komnir á valista (8). Helsta ógnin við þessar tegundir er sú landnotkun sem leiðir til röskunar eða skerðingar á búsvæðum þeirra. Langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum svæðum og þrífast ekki í skóglendi (9). Skógrækt felur því ekki einungis í sér beint búsvæðatap heldur hefur hún einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær (10).

Ísland er aðili að nokkrum mikilvægum alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis, þar á meðal samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningnum um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu og AEWA-samningnum um verndun farfugla í Atlantshafi. Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda almennt og sérstaklega ábyrgðartegunda en flestar tegundir vaðfugla hérlandis teljast til ábyrgðartegunda Íslands. Mikilvægt er að þessar skuldbindingar séu virtar í framkvæmdum sem geta haft áhrif á búsvæði vaðfugla, einkum í ljósi þeirrar fækkunar sem nú er hafin, og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum.

Náttúrufræðistofnun telur æskilegt að niðurstöður mófuglatalninga verði sundurliðaðar eftir skógræktarreitum þar sem líklegt er að þéttleiki fugla sé mjög breytilegur innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Einnig er rétt að kanna fuglalíf á aðliggjandi svæðum vegna jaðaráhrifa.

5.7 Verndarsvæði

Í umfjöllun um verndarsvæði vantar að geta þess að auk Þingvallavatns og Villingavatns þá nýtur votlendi við Villingavatn verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013).

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur



Heimildir

- (1) Bala, G., Caldeira, K., Wickett, M., Phillips, T. J., Lobell, D. B., Delire, C. og Mirin, A. (2007). Combined climate and carbon-cycle effects of large-scale deforestation. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 104(16), 6550–6555. <http://dx.doi.org/10.1073/pnas.0608998104>
- (2) Hasler, N., Williams, C. A., Denney, V. C., Ellis, P. W., Shrestha, S., Terasaki Hart, D. E., Wolff, N. H., Yeo, S., Crowther, T. W., Werden, L. K. og Cook-Patton, S. C. (2024). *Accounting for albedo change to identify climate-positive tree cover restoration*. *Nature Communications*, 15(1), 2275. <https://doi.org/10.1038/s41467-024-46577-1>
- (3) Weber, J., King, J. A., Abraham, N. L., Grosvenor, D. P., Smith, C. J., Shin, Y. M., Lawrence, P., Roe, S., Beerling, D. J. og Martin, M. V. (2024). Chemistry-albedo feedbacks offset up to a third of forestation's CO₂ removal benefits. *Science*, 383(6685), 860–864. <https://doi.org/10.1126/science.adg6196>
- (4) Kristensen, J. Å., Barbero-Palacios, L., Barrio, I. C. o.fl. (2024). Tree planting is no climate solution at northern high latitudes. *Nature Geoscience*, 17, 1087–1092. <https://doi.org/10.1038/s41561-024-01573-4>
- (5) Pörtner, H. O., R. J. Scholes, J. Agard o.fl. (2021). Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>
- (6) Wasowicz, P., Óskarsdóttir, G., og Þóra, E. Þ. (2025). Lodgepole pine (*pinus contorta douglas ex loudon*) invasion in subarctic iceland: Evidence from a long-term study. *NeoBiota*, 97, 47–66. <https://doi.org/10.3897/neobiota.97.134047>
- (7) Nygaard, P. H., og Øyen, B.-H. (2017). Spread of the Introduced Sitka Spruce (*Picea sitchensis*) in Coastal Norway. *Forests*, 8(1), 24. <https://doi.org/10.3390/f8010024>
- (8) Válisti fugla 2025. <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>
- (9) Tómas Grétar Gunnarsson. (2020). Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90(2–3), 145–162. https://natturufraedingurinn.is/wp-content/uploads/2023/02/NFR_2020_90_2-3_V5.pdf
- (10) Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. og Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
150 Reykjavík**



Skógrækt í landi Villingavatns. Umsögn um matsskyldufyrirspurn.

Tilvísun: 127/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsáætlun fyrirhugaðrar skógræktar í landi Villingavatns, dags. 20. júní 2025.

Vegagerðin hefur rýnt matsáætlunina á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Í matsáætluninni eru kynntar áform um skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi. Samkvæmt matsáætluninni verður aðkoma að framkvæmdasvæðinu um Grafningsveg efri (360-02) sem er þjóðvegur á forræði Vegagerðarinnar. Notast verði við núverandi vegi þar sem þeir eru til staðar, ásamt línuvegum sem liggja innan framkvæmdasvæðinu og nýjum vinnuslóðum.

Vegna öryggissjónarmiða er mikilvægt að takmarka umferð um vegslóða sem tengjast Grafningsvegi efri og halda fjölda vegtenginga í lágmarki. Æskilegt er að fækka vegamótum við Grafningsveg efri og tryggja að aðeins verði notaðar þær vegtengingar sem nauðsynlegar eru. Jafnframt er mælt með því að beina umferð um skilgreind vegamót til að auka umferðaröryggi og draga úr óþarfa vegtengingum.

Vegagerðin bendir á að nýjar tengingar við þjóðveg eru háðar leyfi Vegagerðarinnar og ef breyting verður á notkun vegarins skal haft samráð við stofnunina. Skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnbrautar, en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis, þ.m.t. skógrækt eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent í skipulagsgátt

Selfossi 21. júlí 2025

Efni: Matsáætlun vegna skógræktar í landi Villingavatns, mál nr. 857/2025

Eftirfarandi eru athugasemdir Vina íslenskrar náttúru, VÍN, við matsáætlun EFLU fyrir hönd Heartwood Afforested Land ehf. vegna 1300 hektara skógræktar, með að stærstum hluta framandi tegundum trjáa, í landi Villingavatns við Þingvallavatn.

Í umsögninni hér á eftir er fjallað um einstaka kafla matsáætlunar í þeirri röð sem þar er sett fram.

2 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

2.2.1 Aðalskipulag

Brýnt er að framkvæmdaraðili skilgreini betur hvort að fyrirhuguð skógrækt geti samrýmst hverfisvernd á hluta svæðisins.

3 VALKOSTIR

Verndarsvæði

Innan jarðarinnar Villingavatns er samnefnt vatn og við vestari mörk jarðarinnar rennur Villingavatnsá. Nyrðri mörk jarðarinnar ná niður að Þingvallavatni. Þingvallavatn og vatnið Villingavatn eru á náttúruminjaskrá og njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess nýtur Þingvallavatn verndar skv. lögum nr. 85/2005 og er hverfisverndað í aðalskipulagi (HV24). Syðsti endi fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er einnig innan svæðis sem nýtur hverfisverndar og er á náttúruminjaskrá. Þar ætti því alls ekki að gróðursetja tré.

Í matsáætluninni stendur „Ef niðurstöður umhverfismatsins leiða í ljós að fyrirhuguð gróðursetning geti haft neikvæð áhrif á verndarsvæðin og forsendur verndar kemur til greina að sleppa því að gróðursetja innan svæðisins, eða planta eingöngu íslensku birki“. Hér er því framkvæmdaraðili að lýsa því yfir að það sé hans að ákveða með hvaða hætti skuli bregðast við niðurstöðum matsins en ekki að honum beri að fara eftir álit Skipulagsstofnunar sem leyfisveitanda og honum er væntanlega skylt að taka tillit til í mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili þarf að gera ítarlega grein fyrir því hvers vegna sé nauðsynlegt að gróðursetja í svæði sem eru á náttúruminjaskrá og að það varði almannaeill.

Tegundaval

Í þessum kafla er binding kolefnis talin meðal markmiða framkvæmdarinnar og að landeigandi sé að skapa sé verðmæti með því. Þetta kemur ekki fram í inngangi matsáætlunarinnar en þar er aðeins talað um að markmiðið sé „... að rækta sípekjuskóg sem skapar timburnytjar og græðir upp rofið land“. Ef markmiðið er að selja kolefniseiningar þarf að rannsaka landið áður en skógrækt hefst svo og að vakta það framvegis af sömu ástæðu. Framkvæmdaraðili verður að láta mæla losun eða bindingu kolefnis og þær mælingar verður að sjálfsögðu að gera áður en gróðursetning hefst á þeim

svæðum þar sem kolefnisskógrækt á að fara fram. Þá þarf einnig að vera ljóst hver bindingin er með núll aðgerðum, þegar gróður, þ.á.m. birki nemur land og kolefni safnast í jarðveginn.

Einnig segir: „Innlendar tegundir uppfylla ekki þau skilyrði og skila ekki þeirri afurð sem sóst er eftir. Því **verður ekki fjallað** (feitletrun VÍN) sérstaklega um plöntun með öðrum tegundum.

Framkvæmdaraðili notar eingöngu þær tegundir sem leyfilegt er að nota í skógrækt á Íslandi skv. gildandi lögum og reglum.“ Sú fullyrðing skýrsluhöfunda að innlendar tegundir bindi ekki kolefni er röng. Rannsóknir Landgræðslunnar, nú Lands og skógar sýna að birki, fjalldrapi, reyniviður og innlendar víðitegundir binda allar kolefni. Birkið gefur af sér verðmætan smíðavið fyrir handverk og eftirsóttan eldivið.

Upptalningin á tegundum í matsáætluninni nær að mestu til framandi tegunda. Þar innan um eru tegundir sem búið er að sýna fram á að séu ágengar, bæði hér á landi og erlendis, eins og stafafura og tegundir sem umbylta íslenskri náttúru eins og t.d. sitkagreni sem er víða talin ágeng tegund. Einnig er látið liggja að því að í lögum sé á einhvern hátt endanlega búið að ákveða að nota megí ákveðnar tegundir eins og mönnum hentar án tillits til aðstæðna.

Einnig er látið sem að það þurfi ekki að bera saman neina kosti aðra en að nota framangreindar tegundir og á þann hátt sem landeigandinn vill og að núllkostur komi ekki til greina. Hér vantar að gerð sé grein fyrir tegundavalinu og áhrifum þess á náttúrulega líffræðilega fjölbreytni á Íslandi og þ.a.l. þá afstöðu að réttlætánlegt sé að nota framandi og jafnvel ágengar tegundir til að binda kolefni fyrir erlenda aðila/fyrirtæki. Framkvæmdaaðili verður að hafa það hugfast að framandi ágengar tegundir eru helsta ógnin sem steðjar að líffræðilegri fjölbreytni hér á landi og taka tillit til þess í gróðursetningum sínum. Ísland er aðili að ýmsum alþjóðasamningum um að vernda líffræðilega fjölbreytni, þ.á.m. Bernarsamningnum og samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Gróðursetningaraðferðir

Hér er einfaldlega hafnað að fjalla frekar um mismunandi aðferðir við gróðursetningu því framkvæmdaraðilinn er búinn að ákveða að hans nálgun sé sú eina rétta. Hann hafi ákveðið að þar sem aðeins verði plægt/herfað á 6% af landinu, sem eru þó um 80 hektarar þurfi ekki fjalla meira um þann þátt. Framkvæmdaraðili verður að gera nákvæma grein fyrir því hvaða land verður plægt og þá hvers konar vistgerðir verði plægðar. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á því landi, þ.e.a.s. hvað er það land t.d. að binda af kolefni nú í dag og til framtíðar? Hvað er kolefnisinnihald jarðvegs á gróðursetningarsvæðunum? Hvaða lífríki er á því landi sem á að plægja og hvaða þróun á því má búast við til framtíðar? Reynsla undanfarna áratuga af gróðursetningu stafafuru og sitkagrenis hér á landi í ríkt mólendi, eins og stefnt er að, sýnir að líffræðileg fjölbreytni dregst saman eftir því sem þessar barrtegundir takmarka birtu á undirgróður og skilja svörðinn eftir nær lífvana.



Landi sem var áður með mikla líffræðilega fjölbreytni breytt með barrskógi í nær lífvana svörð.
Ljósm. Sigurður H. Magnússon.

Núllkostur

Í þessum kafla er fullyrt að ef ekki verði farið í skógrækt á þessu landi þá muni landrof og gróðureyðing halda áfram á suðurhluta jarðarinnar. Hvaða gögn styðja að svo sé? Nánast alls staðar á láglendi landsins og mjög víða í hálendisbrúninni og á hálendi er illa farið land að gróa upp af sjálfsdádöun.

Rofabörð eru að lokast, bæði þar sem búfjárbætur hefur verið hætt eða er hófleg. Víðitegundir sækja inn í gróið og lítt gróið land, gróska er að aukast með hlýnandi tíðarfari. Er endurheimt náttúrulegra vistkerfa með landgræðslu ekki kostur?

Vitaskuld er endurheimt náttúrulegra vistkerfa vænlegur kostur! Í textanum kemur fram að „Jafnframt verður ekkert framlag til loftslagsmarkmiða stjórnvalda...“ Framkvæmdaraðili virðist halda því fram að það sé markmið stjórnvalda að ganga á náttúrulega líffræðilega fjölbreytni landsins til að ná loftslagsmarkmiðum? Það er einfaldlega alrangt, sem endurspeglar m.a. í undirritun Íslands undir Bonn-áskorunina um verndun og endurheimt náttúrulegra vistkerfa.

Við teljum að umtalsvert kolefni muni safnast fyrir í jarðvegi og gróðri þótt engin skógrækt verði stunduð á svæðinu eins og skýrt er í umfjöllun þessa kafla. Í textanum er því spáð að birki og víðir muni dreifast um svæðið að sjálfsdádöun. Slík kolefnisbinding er í anda þess sem ráðlagt er, þar sem saman koma náttúruverndarsjónarmið með endurheimt náttúrulegra vistkerfa, sjónarmið líffræðilegrar fjölbreytni og kolefnissuppsöfnun er tímar líða. Slík framkvæmd og kolefnisbinding er einnig hagkvæmust (ódýr og árangursrík).

Ræktun nytjaskóga með fáum hraðvaxta innfluttum tegundum samrýmast ekki sjónarmiðum um náttúruvernd og mælt er gegn slíkri ræktun í nafni loftslagsaðgerða af alþjóðlegu umhverfisverndarsamningunum (CBD og UNFCCC) sem og af [Evrópusambandinu](#). Ljóst má vera að verkefnið er hreinræktað timburframleiðsluverkefni eins og sjá má á bls. 18, þar sem segir: „Landeigandi fjárfesti í jörðinni með nytjaskógrækt í huga...“ en fjármagnað sem kolefnisaðgerð, sem verður að teljast ámælisvert og grefur í raun undan forsendum verkefnisins. Innlenda tegundin (birki) verður ræktuð á jöðrunum „til að mýkja ásynð“ (bls. 20), en það orðalag viðurkennir í raun neikvæð sjónræn umhverfisáhrif.

4 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

4.1 Tilgangur og markmið

Í þessum kafla kemur ekki fram að markmiðið sé að binda kolefni og skapa verðmæti á þann hátt, t.d. með sölu kolefniseininga.

Það er í raun alvarlegt inngrip í náttúruna þegar komið er í veg fyrir að náttúrulegir birkiskógar dreifist út að sjálfu sér. Því ferli fylgir mikil mælanleg kolefnisbinding í jarðvegi og gróðri ([Sólveig Sanchez](#)

[o.fl. 2025 - Science of the Total Environment](#)), sem er mjög hagkvæmt (lítill kostnaður) og um leið er náð öðrum mikilvægum umhverfismarkmiðum. Því verður áformuð framkvæmd að teljast mjög neikvæð, að öllu jöfnu.

Þegar leiðir finnast til að fjárfesta í verkefnum sem eru líkleg til að skila arði er hætt á yfirtöku lands (e. land grab) aðila sem kaupa upp stór lönd, eins og sést hefur hérlandis. Í þessu tilfelli er líklegt að kolefnisbinding og sala kolefniseininga sé söluvaran sem ætluð er að fjármagna verkefnið. Þetta verkefni er dæmigert fyrir slíka þróun og mjög vafasamt á þeim grunni. Verkefnið er framsett sem nytjaskógrækt, enda þótt ekki sé sannað að það geti nokkurn tíma skilað ásættanlegum arði. Ljóst er að kolefnisbindingin er söluvaran sem verkefnið snýst um. Auk þess hefur þess landyfirtaka (land-grab) umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif (einrækt, áhrif á mold, kemur í veg fyrir endurheimt náttúrlegra vistkerfa, sbr. [Bonn áskorunina](#) o.s.frv.).

4.4.1 Tegundasamsetning og gróðursetning

Hvaða furutegund er hér verið að ræða um? Væntanlega stafafuru. Erlendar rannsóknir og reynsla ásamt íslenskum rannsóknum benda til að stafafura sé býsna ágeng, dreifir sér auðveldlega langar leiðir. Gera verður grein fyrir hvernig á að ábyrgjast að stafafuran haldi sig á tilgreindum svæðum, og ef það er ekki hægt hvort stafafura verði útilokuð frá verkefninu eða ákveðnum hlutum þess. Einnig er vel þekkt að barrskógar, bæði fura, greni og lerki, geta valdið súrnun jarðvegs og losun óæskilegra efna (áljóna og þungmálma) út í afrennslisvatn. Gera þarf grein fyrir mögulegum/líklegum áhrifum á Villingavatn og Þingvallavatn.

Þekkt er að alaskaösp getur dreift sér langar leiðir, einkum í rakt og frjósamt land. Gera þarf grein fyrir hvernig komið verður í veg fyrir slíka dreifingu.

Höfundar matsáætlunar nefna góða reynslu af ræktun lerkiblendingsins hryms á Íslandi en gera verður grein fyrir hvernig framkvæmdaraðilinn hyggst afla plantna þar sem verulegur skortur af hrym hefur verið að undanfögnu á markaðnum. Hrymur þykir heldur ekki gefa gott timbur vegna mikils vaxtarhraða.

Verði notkun stafafuru heimiluð er brýnt að helgunarsvæði meðfram árfarvegum, lækjum og gljúfrum verði að lágmarki 100 metrar. Sama á við um helgunarsvæði við fornminjar og ekki ætti að gróðursetja birki nær þeim en 100 m. Framkvæmdaraðila ber að rökstyðja þörfina fyrir að gróðursetja á svæði sem eru á náttúruinjasrá, eins og áður er tekið fram.

Svo virðist sem að gróðursetja eigi í votlendisskika. Engin tilraun er gerð til að greina lesendum frá stærð einstakra svæða né helstu vistgerða á hverju þeirra fyrir sig.

Gera þarf ítarlega grein fyrir því hversu mikið á að gróðursetja á hverju ári, m.a. til að skógurinn verði ekki mjög einsleitur í aldri og gerð, en það rýrir skógarvistkerfið og skapar meiri hættu á alvarlegum áföllum.

Jörðin liggur að öðrum jörðum á löngum svæðum. Gera þarf grein fyrir þeim og hvaða áhrif fyrirhuguð gróðursetning getur haft á nágrannajarðir. Gera þarf grein fyrir eðli og umfangi þessa virka jarðvegsrofs sem matsskýrslan nefnir iðulega.

4.4.2 Aðkoma og vegagerð

Skýra verður nánar við hvað er átt þegar rætt er um minniháttar vinnuslóða sem áætlaðir eru 4,4 km að lengd. Þessa „slóða“ á að lengja um 4,4 km eða um 30% miðað við það sem er fyrir af „slóðum“ (línuvegur og Grafningsvegur eru ekki inni í þessum tölum). Miðað við að slóðar séu 4 m á breidd, þá eru þetta 1,8 ha sem verða opnaðir fyrir veðri og vindum með tilheyrandi rotnun lífrænna leyfa, útskolun og kolefnislosun. Syðsti slóðinn nær inn í land sem er óraskað af mannvirkjum.

4.4.3 Jarðvinnsla

Framkvæmdaraðili verður að sýna fram á hvernig hann hyggst mæla líffræðilega fjölbreytni og bindingu eða losun kolefnis á þeim svæðum þar sem jarðvinnsla fer fram. Ennfremur hvernig hyggst framkvæmdaraðilinn mæla losun kolefnis frá jarðvinnslusvæðunum. Niðurstöður þessara mælinga eru forsendur þess að unnt verði að meta hvenær skógurinn á hverju svæði fyrir sig telst vera búinn að binda meira kolefni en landið var að binda í upphafi og vega á móti því sem tapast við jarðvinnsluna. Þá fyrst er unnt að meta viðbótarkolefnisbindingu frá skógræktinni á hverju gróðursetningarsvæði. Djúptæk jarðvinnsla losar mikið af kolefni. Gera verður grein fyrir því og hvernig slík jarðvinnsla vinnur gegn loftslagsáhrifum bindingar. Sjá t.d. greinarnar [Kolefnislosun vegna jarðvinnslu í kolefnisbindingarverkefnum](#) og [Samanburður á Skógarkolefni og UK Woodland Carbon Code – Kolefnislosun vegna jarðvinnslu](#) á vef Vín íslenskrar náttúru.

4.4.4 Áburðargjöf

Gera verður kröfu til framkvæmdaraðila að gera nákvæmari skil á hvers konar áburðartegundir eigi að nota og verið er að bera saman. Köfnunarefnisríkur áburður getur valdið losun á öflugum gróðurhúsalofttegundum. Gera verður grein fyrir líklegum gróðurhúsaáhrifum áburðargjafarinnar.

4.4.5 Skógarhögg

Gera má ráð fyrir að þegar fyrsta grisjun fari fram hafi skógurinn á jarðvinnslusvæðunum ekki verið farinn að binda viðbótarkolefni. Eftir 40 ár hefst svo önnur grisjun og síðar skógarhögg. Fróðlegt væri að fá skýringar framkvæmdaraðila á hvernig útreikningar fari fram á mögulegum kolefniseiningum frá svona timburskógrækt. Ljóst má vera að kolefnisskógrækt hentar illa í timburskógrækt. Hér vantar alfarið umfjöllun um hvort og hvernig framkvæmdaraðili hyggst fjarlægja ágengar tegundir og birki frá helgunarsvæðum sem fjallað er hér um í undirkafla 4.4.1.

5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

5.1 Umhverfispættir

Umfjöllun í þessum kafla matsáætlunarinnar er mjög gildishlaðin og eiginlega fullyrt að öll skógrækt sé af hinu góða af því að Sameinuðu þjóðirnar (SP) segja að nú sé að renna upp áratugur skógræktar. Þessi afstaða er óásættanleg í matsáætlun fyrir 1300 ha lands. Eitt af aðalmarkmiðum SP er einnig vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það eru ekki haldbær rök að losun kolefnis úr jarðvegi verði lítil frá jarðraski á yfir 80 hekturum af grónu landi. Það hefur takmarkað vægi þó það land sé ekki stór hluti af heildarskógræktaráformunum á þessari jörð.

Vitnað er samninga SP sem hvetur til meiri skógræktar. Sannleikurinn er sá að SP leggja áherslu á náttúrulega skóga. Í [AR6 Synthesis Report frá IPCC \(2023\)](#) segir m.a.: „However, afforestation or production of biomass crops can have adverse socio-economic and environmental impacts, including on biodiversity, food and water security,“

Mikið er vitnað til skoskra verkefna, en skoska þjóðaakademían hefur nýverið lagst þvert gegn skógrækt af því tagi sem hér er lagt til og enn fremur að styrkir til slíkra verkefna verði aflagðir. Vitnað er til verkefnis til að [endurheimta vistkerfi við ána Dee](#), en nánari skoðun á því verkefni sýnir [að þar er einvörðungu unnið með innlendar tegundir](#).

Bonn áskorunin, sem Ísland er aðili að gerir einvörðungu ráð fyrir notkun innlendra tegunda samkvæmt viðurkenndum aðferðum (Society for Ecological Restoration, SER-staðlar).

Í skýrslu [IPBES-IPCC \(2021\)](#) (þ.e. vísindaráð loftslags- og líffræðilega fjölbreytni samninganna) sem nefnist “Biodiversity and climate change” er þetta meðal ályktana: Vernd og endurheimt náttúrulegra vistkerfa ásamt áherslu á sjálfbæra landnýtingu sameinar best verndun líffræðilegrar fjölbreytni og bindingu kolefnis í vistkerfum (punktur 10-13). Í þessu riti umhverfissamninganna koma fram kröftug andmæli gegn notkun hraðvaxta innfluttra tegunda og einrækt (e. monoculture) vegna neikvæðra umhverfisáhrifa.

Á bls. 54 í skýrslu IPBES-IPCC segir enn fremur (með ítarlegum tilvitnunum): „*Mitigating climate change by devoting vast land areas globally to reforestation and afforestation, an assumption still integral to many climate change mitigation scenarios used in IPCC assessments should be considered unsustainable*“. Þess í stað ætti að leggja áherslu á „modest restoration projects“ með innlendum tegundum í takt við náttúru á hverjum stað. EU hefur tekið svipað afstöðu. Því má ljóst vera að vottun kolefniseininga í verkefnum sem hér eru áformuð verða torveld og æ umdeildari.

Gera verður þá kröfu til framkvæmdaraðila að losun kolefnis frá rýru landi og rofsvæðum verði mæld. Jafnframt verður framkvæmdaraðili að láta vinna nýtt og ítarlegt rofkort af jörðinni. Í matsáætluninni er engin raunverulega lýsing á fyrirhuguðum landgræðsluaðferðum á jörðinni og umfangi. Bæta verður úr því. Eftirfarandi fullyrðing í matsáætluninni á því ekki við rök að styðjast: „*Uppgræðsla lands og ræktun skógar mun því skila verulega meiri kolefnisbindingu en núverandi ástand*“. Til eru skjalfestar rannsóknir um skógrækt sem leiðir til minni kolefnisbindingar en ógróðursett sambærilegt land, jafnvel meiri kolefnislosunar, sjá t.d. [Tree planting in organic soils does not result in net carbon sequestration on decadal timescales](#). Fullyrðing frá Landi og skógi efst á blaðsíðu 28 er því villandi og að hluta til röng sem og fullyrðing neðst á bls. 28 um viðhorf SP.

Áhrif skógræktar á loftslag geta verið mjög mismunandi eftir aðstæðum, allt frá því að vera töluvert jákvæð í það að vera neikvæð. Þess vegna er mikilvægt að færa fram haldbært mat á því hver heildarloftslagshrif tiltekinnar skógræktar séu líkleg. Þar er m.a. hægt að styðjast við Skógarkolefnisreikni (sem þarf reyndar að leiðrétta fyrir sumar aðstæður) og [vefsjá VÍN um áhrif endurskinsbreytinga](#). Sjá einnig greinar um áhrif endurskinsbreytinga í [greinasafni VÍN](#).

Gera þarf grein fyrir hvers konar raskað land á að græða upp með nytjaskógrækt og á hvaða hátt það sé betri uppgræðslukostur en ýmsir aðrir kostir sem oftast eru notaðir.

Gera þarf grein fyrir nefndum gæðum áætlaðs skógarvistkerfis umfram það sem fæst með náttúrulegri endurheimt eða vistheimt.

Í þessum kafla segir að ekki sé gert ráð fyrir umfjöllun um jarðmyndanir. Er þá það mál þá afgreitt? Sýna þarf fram á í mati á umhverfisáhrifum að þessi afstaða eigi rétt á sér.

5.2. Vatnafar og lífríki

5.2.1 Gögn og rannsóknir

Í þessum köflum eins og þeim fyrri er byrjað að leggja fram áætlaðar niðurstöður matsins og einnig verið að blanda saman ólíkum verkefnum við ólíkar aðstæður og í mismunandi löndum. Einnig virðist heildstæður skilningur á vernd náttúrulegrar líffræðilegrar fjölbreytni ekki ná eyrum höfunda matsáætlunarinnar eða framkvæmdaraðila. Rétt er að benda á, þar sem minnst er á skógrækt í Skotlandi, að þar á bæ hefur miklu verið kostað til að fjarlægja framandi tegundir, s.s. stafafuru til að vernda lífríki Skotlands. Sömu sögu er að segja frá Nýja Sjálandi, Noregi og miklu víðar. Einnig er í þessum köflum komið inn á mál sem frekar flokkast undir almenna landgræðslu með ólíkum aðferðum við ólíkar aðstæður og lítill greinarmunur gerður á endurheimt náttúrulegra vistkerfa og svo hvaða skógrækt sem er. Allt sett undir ágæti skógræktar og án samhangandi samanburðar milli ólíkra markmiða við mismunandi aðstæður. Þetta þarf að bæta verulega í mati á umhverfisáhrifum.

Í kaflanum er t.d. sagt „*Rannsóknunum ber saman um að skógar hafi jákvæð áhrif á grunnvatn*“. Síðar koma flóðamyndir og skriðuföll o.s.frv. Gerð er krafa um að þegar að kemur að sjálfri umhverfismatsskýrslunni að höfundar hennar fjalli um það sem skiptir máli fyrir það land sem er til umræðu. Og seti það í samhengi við það lífríki og vatnafar sem er á viðkomandi svæði en týni sér ekki í áróðursherferð fyrir skógrækt þar sem jafnaðarmerki er sett milli hvaða skógræktar sem er í hvaða landi sem er við hvaða aðstæður sem er og að endingu sagt „*Fjallað verður frekar um áhrif skógræktar á vatnafar og vatnalífríki í umhverfismatsskýrslu, en vegna þess að fyrir liggur að áhrifin verði jákvæð, og vegna fjölda fyrirbyggjandi innlendra og erlendra rannsókna, er ekki gert ráð fyrir sérstökum rannsóknum á vatnafari og vatnalífi í tengslum við umhverfismatið.*“

Framkvæmdaraðilinn fullyrðir sem sagt hér á matsáætlunarstigi að áhrifin séu jákvæð og jafnframt engra rannsókna þörf og þá kannski enn síður vöktunar til framtíðar þó svo að áhrifin skili sér ekki fyrir en að áratugum liðnum. Einkennilegt upplag fyrir mat á umhverfisáhrifum!

Við mat á loftslagsáhrifum kolefnisbindingar með skógrækt þarf að horfa til heildar áhrifa á loftslag, sérstaklega breytinga á endurskini (albedo) sem geta vegið upp stóran hluta af áhrifum kolefnisbindingar, sérstaklega þegar sígrænum barrtrjám er plantað í land sem er að meðaltali með hátt endurskin, t.d. sinurík gömul ræktarlönd og úthaga. Upplýsingar um áhrif endurskinsbreytinga á loftslag og heimildir um rannsóknir þar að baki má t.d. finna á vef VÍN, t.d. í greininni

[Kolefnisskógrækt – bjargræði eða bölvun?](#)

Á blaðsíðu 31 verður ekki látið hjá líða að gera athugasemd við það orðalag í matsáætluninni að „*Árbakkar og umhverfi margra helstu laxveiðiáa landsins eru tún sem þakin eru áburði á hverju einasta ári*“. Þetta stenst ekki. Til þess að þekja eitt meðal stórt tún t.d. 10 hektarar að stærð þyrfti sjálfsagt a.m.k. 100 tonn af áburði eða miklu meira.

Rangt er farið með niðurstöður rannsókna á súrnun jarðvegs. Heildarniðurstaða rannsóknar Freyju Pedersen (tafla hér fyrir neðan) sýnir marktækan mun á sýrustigi barrskóga og samanburðarsvæða (heildin), munurinn var mjög mikill á tveimur svæðum og marktækur (þegar aðeins er munur borin saman tölfærðilega á hverjum stað). Breytileiki innan barrskóganna er mun meiri sem bendir til breytinga frá náttúrulegu ástandi. Rétt er þó að áfok er meginbreyta sem hefur áhrif á mögulega súrnun, breyta sem getur tekið miklum breytingum í tíma. Skógarnir í rannsókninni eru fremur ungir

og ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af súrnun jarðvegs þegar barrskógarnir taka að ná háum aldri.

Í ritgerðinni segir: “Niðurstöður sýna marktæka lækkun á sýrustigi í skóginum í Skarðsdal (Wilcoxon Rank Sum Test) og tölfræðipróf (Nested Anova) leiðir enn fremur í ljós marktæk áhrif landgerða (barrskógur vs. mói) á sýrustigið. Breytileiki á sýrustigi jarðvegsins innan barrskóganna á öllum rannsóknarsvæðum er talsvert meiri en utan skóganna sem bendir til þess að sýrustig sé tekið að breytast frá náttúrulegu ástandi.”

Í matsáætluninni kemur réttilega fram að skógræktarsvæðið er innan grunnvatnshlotsins Lyngdalsheiði (nr. 104-305-G). Meðfram vestari jaðri svæðisins er straumvatnshlotið Villingavatnsá (104-835-R/104-910-R) sem rennur í Þingvallavatn (104-2232-L). Lækur rennur einnig úr Villingavatni í Þingvallavatn. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Eitt vatnshlot má ekki valda skaða á öðru vatnshloti skv. þessum lögum. Gerir framkvæmdaaðili sér grein fyrir að hann getur ekki samkvæmt þessum lögum ræktað barrskóga á og við þessi vatnshlot, vegna líklegar súrnunar jarðvegs og grunnvatns sem leitar inn í þessi vatnshlot, sem ekki má skaða skv. fyrrgreindum lögum.

Höfundar matsáætlunarinnar virðast ekki gera sér grein fyrir því að áður en hægt er að fá leyfi fyrir framkvæmdum eins og þeirri skógrækt sem hér er áformuð, þarf að gera mat á áhrifum á vatnshlot, hvort sem áhrifin eru bein eða óbein. Umhverfis- og orkustofnun, UOS, hefur gert leiðbeiningar um [Áhrifamat fyrir vatnshlot](#) og þar þarf að gera ítarlega grein fyrir áhrifum á líffræðilega -, eðlisefnafræðilega - og vatnsformfræðilega gæðapætti. Eftirfarandi þarf því að liggja fyrir á skógræktarsvæði Villingavatns:

1. Mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota fyrir framkvæmdir (allra vatnshlotanna sem eru undir).
2. Mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlotin. T.d. breytingar á vatnsformfræði (stíflur, varnargarðar, brýr, ræsi, vatnsveitingar á milli vatnasviða, aukning á gruggi, rennslisbreytingar) sem veldur álagi á vistkerfi vatnshlota.
3. Mat á því hvort áhrifin eru það mikil að þau valdi því að ástand vatnshlota hnignar með tilliti til gæðapáttanna.

Lögin segja að ástandi vatnshlota megi ekki hnigna. Hins vegar má, í ákveðnum tilvikum (alls ekki öllum), sækja um undanþágu frá lögum um stjórn vatnamála til UOS. Sjá leiðbeiningar UOS í hlekknum hér að framan. Heimild: Eydís Salome Eiríksdóttir.

5.3 Gróður og líffræðilegur fjölbreytileiki

Rétt er að benda á að í samræmi við þýðingu og heiti samningsins um líffræðilega fjölbreytni er líffræðileg fjölbreytni það hugtak sem á tvímælaust að nota í þessu samhengi. Öll önnur heiti um þetta hugtak er rangfærsla um hvað hugtakið líffræðileg fjölbreytni felur í sér.

Í matsáætluninni er enn verið að fjalla um virkt jarðvegsrof og vitnað í heildarúttekt af öllu landinu á sl. öld. Það skal ítrekað hér að framkvæmdaraðila ber nú þegar að láta gera ítarlega og vandaða úttekt á jarðvegsrofi á jörðinni allri, af til þess bærum aðilum. Ellegar að hætta að vísa til

jarðvegsrofs á jörðinni í MÁU skýrslu. Það er óumdeilt að það var mikið jarðvegsrof á jörðinni, en hvað er ástand gróðurs og jarðvegs núna? Greina verður frá því með trúverðugum hætti.

5.4 Fuglalíf

Enn virðist gæta misskilnings um aðalmarkmið verndar á líffræðilegri fjölbreytni. Fremst í lokamálgrein kafla 5.4 segir t.d. allri skógrækt til varnar „*Skógar eru með mikilvægustu búsvæðum fugla í heiminum og lifa 77% tegunda í skógum [26].*“ Þetta réttlætir á engan hátt óhefta skógrækt á Íslandi. Vernd náttúrulegrar líffræðilegrar fjölbreytni felst ekki í því að safna tegundum erlendis frá eða breyta náttúru Íslands til að laða að nýjar tegundur, t.d. fugla sem eiga sín aðalbúsvæði í öðrum löndum. T.d. tegundir sem eru í engri hættu. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi felst m.a. í því að vernda búsvæði og vistkerfi þeirra tegunda sem hér lifa og viðhalda þeim tegundum og búsvæðum þeirra á eins náttúrulegan hátt og hægt er. Þó það geti verið spennandi að fá inn nýjar tegundir fugla þá er ekki eins víst að það sé jafn spennandi að fá inn til landsins ýmsar ágengar tegundir skordýra eða örvera og það jafnvel ekki fyrir sjálfa skógræktina. Svona gervitúlkanir á vernd líffræðilegar fjölbreytni eru mjög varasamar.

Allar náttúrufræðirannsóknir á Villingavatni eru á vegum Tringa ehf. Þetta er kortlagning vistgerða, leit að sjaldgæfum plöntum og fuglatalningar. Öll þessi vinna fer fram á árinu 2025. Fuglatalningar spanna tímann frá lokum apríl og fram í lok október. Rannsóknir á gróðri fara fram nú síðsumars 2025. Samkvæmt upplýsingum frá Tringa ehf um nánari upplýsingar um umfang fuglatalninga og önnur verkefni þeirra kom í ljós að þeir sem framkvæma rannsóknina eru sjálfmenntaðir náttúrufræðingar. Það er ekki ástæða til að efast um getu þeirra til að framkvæma þær athuganir sem á að gera. Tekið er þó fram að áætlunin eða samningurinn við Tringa ehf, t.d. um lengd sniða þar sem fuglar eru taldir til að meta þéttleika og fjölda liggur ekki fyrir. Úr því þarf framkvæmdaraðili að bæta. Eins hvernig sniðin þekja fyrirhugað framkvæmdarsvæði en líkt og segir á bls. 37 í matsáætluninni er áherslan á nyrsta hluta svæðisins. Samandregið þá eru þetta menn sem eru alls góðs maklegir en það má setja spurningamerki við fræðilega getu þeirra til að skipuleggja svona verkefni og vinna úr og túlka gögn. Væntanlega er það Efla sem ber ábyrgð á öllu skipulagi verkefnisins en í matsáætluninni virðist verkfræðistofan varpa ábyrgðinni yfir á Tringa ehf.

Það liggur í augum uppi að fuglar hins opna lands - móa, votlendis og tjarna - einkenna fánuna. Þetta eru fyrst og fremst nokkrar tegundir vaðfugla og spörfugla og svo rjúpa. Þessar tegundir eru bundnar þessum opnu búsvæðum til varps og þær munu hverfa að mestu af svæðinu þegar fyrirhugaður skógur vex upp. Þetta á sérstaklega við um vaðfugla líkt og heiðlóu, spóa, lóupræl, sandlóu, sendling og stelk, og einnig spörfugla líkt og snjótittling og steindepil. Verndarstaða þessara tegunda á heimsvísu er viðkvæm og Ísland hýsir marktækt stóran hluta varpstofna þessara vaðfugla allavega. Vissulega eru fuglar í nýskógunum líkt og í öðru skóglendi á Íslandi en í alþjóðlegu samhengi er verndarstaða þeirra tegunda sterk ólíkt fuglum hins opna lands.

Textinn í þessum kafla í matsáætluninni er „litaður“ af hagsmunum framkvæmdaraðilans. Þannig segir í fyrstu málsgrein að „*Gera megí ráð fyrir að mófuglar séu ríkjandi innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis*“. Hvað annað ætti að vera þarna á hinu opna landi? Þeir forðast að nefna fórnarkostnaðinn, þ.e. að þessar tegundir hverfa með skóginum. Önnur málsgrein fjallar fyrst og fremst um vatnafugla en ekki á að gróðursetja í búsvæði þeirra! Mögulega skerðast þó

varpmöguleikar anda sem verpa í opnu landi einhvern spöl frá votlendinu þar sem þeir eru með sína unga. Síðasta málsgreinin fjallar almennt um þá dásemd fyrir fugla sem skógar eru og þá viðbót í fánuna sem við höfum fengið með skógrækt, sbr. það sem sagt er að ofan um verndarstöðu þeirra tegunda.

Enn ein athugasemd við fuglapáttinn er að ekki verður séð að nokkur tilraun sé gerð til að meta áhrif skógar á ránfugla sem búa á svæðinu eða í nágrenni þess, s.s. hafarnar, fálka, smyrils og hrafns. Engin af þessum tegundum veiðir í skóglendi og allar hafa orpið á eða við þetta svæði.

Einnig má í þessu sambandi benda á efirfarandi:

1. [Nýjar rannsóknir](#) sýna að tegundir sem munu hörfa við skógræktina fækka hratt á Suðurlandi.
2. Náttúrufræðistofnun hefur [uppfært válistaflokkun](#) í samræmi við nýjar upplýsingar og einkennistegundir á svæðinu (heiðlóa, lóupræll og spói, amk) eru nú í fyrsta skipti flokkaðar sem VU (vulnerable – í nokkurri hættu). En töldust ekki í hættu á síðasa válista 2018.
3. Mófuglum mun líka fækka utan við framkvæmdasvæðið. Þetta er því ekki bara einkamál þeirra sem eiga landið og standa í framkvæmdunum. Sjá [grein](#) um þetta mynstur.

5.6 Landslag og ásýnd

Framkvæmdaraðili þarf að gera miklu betri og ítarlegri grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra skógræktaráforma á landslagið og ásýnd þess. Ljóst er að verði þessi skógrækt að veruleika gjörbreytist ásýnd landsins. Landið verður einsleitara og útlínur landsins hyljast. Útsýni til fjalla hverfur í einhverjum tilvikum, sérstaklega þegar göngufólk á í hlut.

5.7 Verndarsvæði

Mikilvægt er að gerð sé ítarleg grein fyrir því hvernig komist verður hjá röskun eða óæskilegum áhrifum á vatnið Villingavatn, nærliggjandi votlendi og aðdraganda þess, bæði með tilliti til gróðurs og fuglalífs. Hafa þarf í huga að nærliggjandi skógur mun hafa áhrif á vatnafar (m.a. vegna uppgufunar vatns), vegna frædreifingar og vegna áfoks laufs sérstaklega frá ösp í grunnt stöðuvatn og votlendi.

F.h. stjórnar Vina íslenskrar náttúru,



Sveinn Runólfsson, formaður.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson

Tröllhólum 39

800 Selfossi

sveinnrun@gmail.com



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 16. júlí 2025
2506248HS RS

Efni: Skógrækt í landi Villingavatns í Grafningi - umsögn um kynningu matsáætlunar

Þann 23. júní sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Villingavatns í Grafningi í sveitarfélag í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi.

Gert er ráð fyrir að nýta um 1.300 ha land til skógræktar innan jarðarinnar Villingavatns. Gert er ráð fyrir að planta allt að 2.6-3.3 milljónum plantna í 7 áföngum á árunum 2026-2031. Notast verður við núverandi vegi þar sem þeir eru til staðar, en línuvegir sem fylgja raflínunum þvera framkvæmdasvæðið. Þar sem fjarlægðir eru meiri frá línuvegum er gert ráð fyrir nýjum vinnuslóðum. Stefnt er að að halda jarðvinnu í lágmarki en talið er að ekki þurfi jarðvinnslu á um 80 % á svæðinu. Áburðargjöf verður um 10-15 g af tilbúnum NPK áburði og/eða lífrænum áburði á hverja plöntu að vori þar sem þörf er á. Aðeins er áætluð ein stök áburðargjöf strax eða fljótjlega eftir að planta er gróðursett og því ekki um stöðuga eða árlega áburðargjöf að ræða. Ekki er gert ráð fyrir áburðargjöf á vel grónu svæði. Gert er ráð fyrir að hámarksmagn áburðar verði 20- 37 kg/ha eða 20-37 tonn alls.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á að skv. 8. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns er skylt að fara að starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnureksti við geymslu og notkun áburðar á verndarsvæði Þingvallavatns. Annars telur embættið að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.



F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps barst 14. júlí 2025

Grímsnes- og Grafningshreppur

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Umsögn birt **14.07.2025**

Eftirfarandi var bókað á 596. fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 27. júní 2025; Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða matsáætlun. Skógræktaráform innan jarðar Villingavatns eru háðar breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagslýsing vegna skilgreininga á skógræktarsvæði var samþykkt til kynningar á fundi sveitarstjórnar þann 18. júní 2025. Framkvæmdir innan svæðisins eru eftir atvikum háðar gerð deiliskipulags eða útgáfu framkvæmdaleyfa á grundvelli 4. mgr. 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsögn Minjastofnunar sem barst 11. júlí 2025

Minjastofnun Íslands

Oddgeir Isaksen

Umsögn birt **11.07.2025**

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við matsáætlun vegna skógræktar í landi Villingavatns. Hefur kröfum um fornleifaskráningu svæðisins verið mætt og hafa gögn þar að lútandi borist stofnuninni. Kemur stofnunin nú til með að fara yfir niðurstöður skráningarinnar og leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á minjar. Verður fjallað um mögulegar mótvægisaðgerðir vegna minja, í sérstakri umsögn þegar fram í sækir.